

342. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 28. júní 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri.

Á Teams: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forföll: Garðar Svansson, Úlfur H. Hróbjartsson og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Dagskrá:

Ásgerður Guðmundsdóttir og Ketill Helgason, verkefnastjórar Bjarts lífsstíls og Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri komu inn á fundinn.

1. Bjartur lífsstíll, kynning

Ásgerður og Ketill kynntu fyrir framkvæmdastjórn verkefnið Bjartan lífsstíll, heilsuefningu fyrir 60+. Þau fóru yfir helstu þætti verkefnisins og skýrðu frá m.a. stórrí ráðstefnu sem haldin með aðkomu samstarfsaðila fyrir aðila sem vinna að málaflokknum.

Verkefnið er tímabundið og er fjármagnað út árið 2023. Verið er að vinna stöðuskýrslu til að skila til ráðuneytis samkvæmt samningi.

Nauðsynlegt er að skoða framtíð þessa verkefnis í samstarfi við opinbera aðila.

2. Afreksmálefni, kynning

Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri, kynnti fyrir framkvæmdastjórn það starf sem er í gangi við endurskoðun á áherslum í afreksstarfi og umhverfi afreksíþróttafólks en Vésteinn fer fyrir starfshópi á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis samhliða starfi sínu sem afreksstjóri ÍSí. Vésteinn fór í gegnum ítarlega glærुकynningu þar sem komið var inn á marga þætti í umhverfi afreksíþróttar.

Ásgerður og Ketill véku af fundi.

Góðar umræður urðu um kynningu Vésteins og voru fundarmenn jákvæðir gagnvart þeim áherslum sem þar komu fram.

Vésteinn vék af fundi.

3. Frá skrifstofu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí þessarar vikunnar. Hann skýrði frá ýmsum fundum sem haldnir hafa verið og hvernig framkvæmdum miðar í miðstöðinni.

Einnig sagði hann frá Evrópuleikunum sem standa yfir í Póllandi þessa dagana og skýrði frá fyrirkomulagi varðandi val í Ólympíuhóp ÍSí fyrir ÓL í París 2024. Unnið er að lokaskráningu þátttakenda fyrir EYOF í Maribor í Slóveníu og verður tillaga að íslenska hópnum send til framkvæmdastjórnar á milli funda, til rafrænnar staðfestingar.

Forseta og framkvæmdastjóra barst erindi frá formanni KSÍ þar sem óskað er eftir því að ÍSÍ kanni hvort að mennta- og barnamálaráðuneyti geti fjármagnað rannsókn eða könnun á ferðaskostnaði landsbyggðarinnar vegna þátttöku í mótum. Ljóst er að aukinn ferðaskostnaður hefur mikil áhrif á starfið úti á landi og er að sliga íþróttafélögin, sjálfboðaliðana og foreldra/iðkendur í mörgum byggðalögum.

Nauðsynlegt er að taka stöðuna á þessum málum til að geta áætlað fjárbörfina og skoðað mögulegar lausnir í málinu. Skrifstofa vinnur erindi til ráðuneytis þessa efnis.

4. Skipan aðalfulltrúa og varafulltrúa ÍSÍ í Íþróttanefnd ríkisins

Pórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSÍ hefur verið skipuð sem aðalfulltrúi ÍSÍ í ofangreindri nefnd og Hörður Þorsteinsson gjaldkeri ÍSÍ sem varafulltrúi, skv. tilnefningum ÍSÍ.

5. Heiðranir

Ein tilnefning til heiðrana hefur borist á milli funda.

Samþykkt að sæma Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur, Íþróttafélaginu Þrótti á Neskaupstað, Gullmerki ÍSÍ vegna áratuga starfa í þágu félagsins og þá ekki síst blakíþróttarinnar.

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ mun afhenda heiðursviðurkenninguna á 100 ára afmælishátíð Íþróttafélagsins Þróttar 1. júlí nk. á Neskaupstað

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar:

- 295., 296. og 297. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ.

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ gerði grein fyrir störfum Afrekssjóðs en unnið er að endurskoðun reglugerðar um sjóðinn. Samþykkt styrkveiting til Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ) vegna þátttöku karlalandsliðsins í undankeppni Vetrarólympíuleikanna 2026 að upphæð kr. 1.500.000,-.

Samþykktar niðurfellingar til sex sérsambanda vegna verkefna ársins 2021, samtals að upphæð 10.860.040,- krónur, sjá nánari útlistun í fundargerð 297. fundar Afrekssjóðs.

7. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru.

8. Næstu fundir

Ekki er búið að fastsetja næsta fund sem verður í ágústmánuði. Skrifstofa mun senda út tillögu að fundardagsetningu á næstu vikum.

9. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:50.

Andri Stefánsson, fundarritari